

Alþingi
Erindi nr. P 136/1402
komudagur 23. 3. 2009

**Umsögn um mál 394, Heimild til samninga um álver í Helguvík
(heildarlög).**

18. mars 2009

Einar Kjartansson, Steinagerði 13, Reykjavík

Í frumvarpinu er fjallað um gerð fjárfestingarsamnings við Century Aluminum Corporation vegna byggingar álvers í Helguvík. Á undanförunum vikum og mánuðum hafa aðstæður, bæði almennt á álmörkuðum, og varðandi umrætt fyrirtæki, þróast með þeim hætti að teljast verður afar ósennilegt að því takist að fjármagna verkefnið samkvæmt þeim tímaramma sem lýst er á greinargerð frumvarpsins, þótt gerður verði við það samningur um ívilnanir þeim nótum sem lagt er til.

Til þess að koma í veg fyrir að framkvæmdir á grundvelli þessa frumvarps stuðli að ofpenslu með tilheyrandi ruðningsáhrifum á aðra atvinnuþróun, þarf að setja tímamörk, t.d. með því að áskilja að fyrsti áfangi verði gangsettur ekki síðar en fyrir árslok 2012. Þetta er ári seinna en lýst er í greinargerðinni.

Century Aluminium rekur nú tvö álver, á Grundartanga og Hawesville í Kentucky, USA. Í síðasta mánuði var rekstri álvers félagsins í Rawenswood í Vestur Virginu hætt og í byrjun þessa mánaðar var slökkt á einni kerjalínu í Hawesville.

Á síðasta ársfjórðingi 2009 nam tap félagsins rúmlega 700 milj. USD. Þar af var rekstrartap 62,5 milj. USD. Meðal heimsmarkaðsverð á áli á síðasta árfjórðungi 2008 var um 1800 USD/tonn. Undanfarnar vikur hefur veriðið sveiflast kringum 1300 USD/tonn. Ef gert er ráð fyrir að tekjur séu í hlutfalli við álverð, en rekstrargjöld svipuð, má álykta að rekstrarhalli Century sé varla undir 50 milj. USD á mánuði um þessar mundir.

Þessi staða endurspeglast í verði hlutabréfa Century, en þau hafa lækkað úr rúmum 80 USD, í maí síðastliðnum, niður fyrir 2 USD, fóru lægst í 1,04 USD. Um þessar mundir samsvarar samanlagt markaðsvirði félagsins nokkurra vikna rekstarhalla.

Slíkt verðhrun er sjaldgæft á bandarískum hlutabréfamörkuðum. Á síðustu 12 mánuðum eru aðeins 2 fyrirtæki á S&P 1500 listanum sem hafa lækkað meira hlutfallslega í verði, annað þeirra er AIG tryggingafélagið, sem mikið hefur verið í fréttum.

(<http://blogs.wsj.com/marketbeat/2009/02/25/the-zombies-multiply>)

Í kjölfar hlutabréfaútbóðs félagsins í febrúar s.l. hafa a.m.k 7 lögfræðistofur boðað eða hafið málaferli gegn Century vegna rangrar upplýsingagjafar. (<http://finance.yahoo.com/q/h?s=CENX>)

Century Aluminum var stofnað af svissneska risafyrirtækinu Glencore International AG, sem á nú 49% eignarhlut í Century. (<http://www.glencore.com/pages/aluminium.htm>)

Þar sem Glencore er ekki á hlutabréfamarkaði liggja upplýsingar um fjárhag þess ekki á lausu, en það skuldar háar fjárhæðir. Skuldatryggingarálag (CDS) þess fór í 3500 punkta í desember og er nú um 2500. Þetta álag er svipað eða hærra en það sem íslensku bankarnir máttu búa við þegar þeir fóru í þrot.

Það er því fátt sem bendir til að Glencore eða Century séu líkleg til að fjármagna verkefni upp á 1,8 miljarða USD á næstunni.

Það virðist raunar vera miklu líklegra að rekstur Norðuráls á Grundartanga stöðvist, en að framkvæmdir við nýtt álver komist á skrið á næstu misserum.

Reykjavík 23/3 2009

Einar Kjartansson